**10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, um umboðslaun R. M. Ólsens.** 1858. 7. maí.

Þèr hafið, herra amtmaður, sent oss með brèfi yðru 18. desember í fyrra beiðni frá R. M. Ólsen, umboðsmanni Þingeyra klausturs jarða, er hann biður, að sèr mætti veitast óskerð umboðslaun þau hin vanalegu, meðan hann er settur frá að reka umboðið fyrir sakir landaþrætu mill hans og klaustursins. Þessu svörum vèr á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar, en Ólsen til auglýsingar, að honum geti eigi veizt þessi bæn sín, heldur verði svo að standa, sem segir í brèfi dómsmálastjórnarinnar 22. apríl 1856.

---

**11. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, um ferðakaup læknis.** 11. maí.

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi 25. október í fyrra sent oss bónarbrèf frá Jóni Finsen, hèraðslækni í Eyjafjarðar og Þingeyjar sýslu, og kvartar hann í því yfir, að amtmaður hafi fært niður reikníng sinn, er hann hafi sent honum yfir ferðakostnað og fæðispeninga á ferð þeirri, er hann gjörði að tilhlutun amtmanns um vetrinn 1857, til að rannsaka hörundskvilla á nokkrum sauðum í Eyjafirði. Þá hafið þèr skýrt oss frá, að hèraðslæknirinn hafi sett upp 3 rd. í fæðispeninga dag hvern, en þèr hafið eigi viljað gefa honum nema að eins 1 rd., eptir því sem segir í kanselíbrèfi 25. sept. 1845, og þar sem hann hafi sett upp 1 dal í hestlán daglega, þá hafi þèr gefið honum að eins 40 sk., er sè hin dýrasta hestleiga, þá er hesti er riðið í almennings þarfir; og síðan hafi þèr skotið því til úrræða vorra, hvort borga skuli Finsen lækni reikníng hans eður eigi.

Vèr látum yður því vita, herra amtmaður, sjálfum yður til eptirsjónar, til frekari auglýsingar og nauðsynlegrar fram-